

# UNDIRBÚNINGSFUNDUR PRENTSÖGUSETURS

## haldinn á Eyrarbakka 18. nóvember 2014

Þriðjudaginn 18. nóvember komu nokkrir áhugamenn um sögu og þróun prentverks á Íslandi saman í húsnæði Jóhanns Jónssonar við Búðarstíg á Eyrarbakka. Húsnæði þetta er um 3000 fermetrar á einni hæð og hýsti áður frystihús en hefur verið nýtt sem geymsla undanfarin ár. Hugmyndir Jóhanns um framtíðarrekstur í húsnæðinu rúma m.a. þá hugmynd að Prentsögusetur yrði þar í 400 m<sup>2</sup> plássi í tengslum við aðra starfsemi, svo sem veitinga- og gistiheimili og verkefnið *Bókabæirnir austan fjalls*, sem sveitarfélögin Árborg, Ölfus og Hveragerði eru aðilar að. Þannig yrðu á staðnum kaffihús tengt prentun og bókum og einnig munir fyrir ferðamenn.

Mættir á fundinum voru; nafn, netfang og sími:

Heimir Br. Jóhannesson		892 9103
Baldvin G. Heimisson	baldvin@gmail.com	695 1612
Svanur Jóhannesson	svanurjohannesson@gmail.com	899 7244
Póra Elfa Björnsson	toraelfa@hotmail.com	824 6518
Ingi Rafn Ólafsson	ingirafn@idan.is	772 1400
Haukur Már Haraldsson	haukur1@haukurmar.net	897 1068
Hlíf S. Arndal	hlifarn@hveragerdi.is	660 3902
Bjarni Harðarson	bjarnihardar@gmail.com	897 3374
Georg Páll Skúlason	georg@fbm.is	898 8754
Jóhann Jónsson	jj@jonik.is	898 1366
Sæmundur Árnason	saemund@simnet.is	896 4691

Hópurinn samþykkti að þetta skyldi verða stofnfundur Prentsögusafns, en þar sem aðeins þröngum hópi hafði verið boðið til þessa fundar var einnig samþykkt að þeir af áhugamannahópi um málefnið á Facebook sem áhuga hefðu myndu einnig teljast stofnfélagar.

Hluti húsnæðisins mun verða tilbúinn til notkunar í apríl á næsta ári, en Jóhann gerir ráð fyrir að öllum framkvæmdum verði lokið og húsið komið í rekstur eftir þrjú ár. Menn voru sammála um að safnið yrði að vera sjálfbært, þar sem ljóst væri að erfitt verði að fá fjárstyrki til langvarandi rekstrar þótt ýmsir aðilar myndu efalaust taka þátt í þeim kostnaði sem óhjákvæmilega legðist til við undirbúning, s.s. við flutning tækja í setrið. Þar voru nefnd til sögunnar samtök á borð við FBM, samtök bókaútgefenda, Iðnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, o.fl.

Hægt er að flytja strax eitthvað af munum austur í samráði við Jóhann.

Punktur úr umræðum:

- Ferðamenn fara *gullna hringinn*; hvernig væri að fara *bókahringinn*?

- Setja bækur inn í umræðuna og annað sem tengist þeim. Stunda þarf áróður fyrir bókum og ekki síður bókaskápum. Menningarskref fyrir heimili að hafa bókaskápa og góðan bókakost.
- Heimir Br. vill leggja til vélar, letur og annað úr eigin eigu. Hann á m.a. amerískar prentvélar, sumar mjög gamlar, en komnar til Íslands á árum seinni heimsstyrjaldar eða skömmu eftir þau. Hann telur sig m.a. eiga letur og leturkassa úr prentsmiðjunni í Leirárgörðum.
- Þá er vitað að Tryggvi í Fold á prentvél sem Guðmundur frá Miðdal notaði við listsköpun sína.

Hópurinn valdi þau Heimi, Hauk, Svan og Þóru Elfu til að stýra næstu skrefum, sem gætu verið að

- virkja Facebookhópinn með bakhópnum og kalla alla saman
- stofna hollvinasamtök þeirra sem áhuga hafa á málinu
- fá teikningar af rýminu og fylgjast með skipulagningu þess
- finna leiðir til að fjármagna og afmarka einstaka þætti í tímaröð.

Hópurinn safnaði saman 7000 krónum til kaupa á fallegri fundargerðarbók og var undirrituðum falið að sjá um þá framkvæmd og rita fundargerð þessa fyrsta fundar þar í.

*Haukur Már Haraldsson*  
ritaði með fulltyngi Þóru Elfu Björnsson